



59. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra - Fundargerð -

Fundur haldinn á Teams föstudaginn 5. janúar 2024 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Axel Grettisson, Hilda Jana Gísladóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þróstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða – umsóknir frá Norðurlandi eystra

Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri mætti til fundarins og kynnti þær tillögur að umsóknum sem nú liggja fyrir frá Norðurlandi eystra í aðgerð C.1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða.

Stjórn þakkar Elvu fyrir kynninguna.

2. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2024

Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri kynnti þær tillögur að áhersluverkefnum sem nú liggja fyrir. Nú þegar hafa tvö verkefni verið samþykkt; Fiðringur og Upptaktur. Í dag liggja fyrir tillögur um sex áframhaldandi verkefni og fimm nýjar verkefnahugmyndir.

Stjórn þakkar Elvu fyrir kynninguna og leggur til að eftirfarandi verkefni fái áframhaldandi stuðning:

Ungmennahúsið SSNE – 1.700.000 kr.

Umhverfisverkefni SSNE – 15.000.000 kr.

Sjálfbær ferðaþjónusta – 1.500.000 kr.

Veltek – 5.000.000 kr.

LOFTUM II og III – 5.176.000 kr. á árinu 2024 og 1.545.000 kr. á árinu 2025 (með fyrir.

Útrýming malarvega – 2.500.000 kr.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna aðrar tillögur áfram og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

3. [Jafnréttisstefna SSNE](#)

Lögð fram drög að jafnréttisstefnu SSNE.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna drögin áfram og leggja fyrir næsta fund.

Katrín Sif Ingvarsdóttir yfirgaf fundinn kl. 14:35.

4. Sameiginlegar starfsstöðvar með hliðsjón af svæðaskiptum verkefnum ríkisins

Lögð fram kynning á verkefnum spretthóps af skipuðum af hálfu mennta- og barnamálaráðherra sem ætlað er að samhæfa svæðaskiptan málaflokka sem lúta að þjónustu við börn. Í hópnum sitja fulltrúar frá mennta- og barnamálaráðuneyti, innviðaráðuneyti, fagaðilar í málaflokknum frá sveitarfélögum og aðrir hagaðilar, s.s. ÍSÍ, UMFÍ, BVS, Byggðastofnun, Sambandinu og LHSS.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að skoða málið áfram í samræmi við umræður á fundinum og taka upp aftur á næsta stjórnarfund.

5. Mál til umsagnar

- a. [Tillaga til þingsályktunar um Alexandersflugvöll sem varaflugvöll fyrir Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðafflugvelli, mál 127.](#)
- b. [Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.](#)
Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda inn umsögn um tillöguna.
- c. [Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg.](#)

Helena Eydís Ingólfssdóttir yfirlit fundinn kl. 15:08.

6. Mál til kynningar

- a. [Fundargerð 939. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- b. [Fundargerð 940. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.](#)
- c. [Fundargerð aðalfundar SASS 2023.](#)
- d. Fundargerð [stjórnar SSA](#) og [stjórnar Austurbrúar](#) frá 10. nóvember.
- e. Fundargerð [stjórnar SSA](#) og [stjórnar Austurbrúar](#) frá 8. desember.
- f. [Fundargerð 92. fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.](#)
- g. [Erindi frá SSNE vegna frumvarps um lagareldi.](#)
- h. [Bókun sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar vegna Samgöngustefnu Norðurlands eystra og Þingsályktunar til Samgönguáætlunar 2024-2038.](#)

7. Önnur mál

- a. *Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.*
 - i. *Nýir starfsmenn hjá SSNE.*

Tveir nýir starfsmenn taka til starfa hjá SSNE í janúar. Annars vegar Romi Schmitz sem tók við starfi verkefnastjóra Brothættra Byggða í Bakkafirði 1. janúar s.l. og hins vegar Sigurborg Ósk Haraldsdóttir sem tekur við verkefnum á sviði umhverfismála í stað Kristínar Helgu Schiöth. Bæði Romi og Sigurborg eru ráðnar tímabundið til eins árs. Starfsstöð Romi verður á Þórshöfn/Bakkafirði og Sigurborgar á Húsavík.

- ii. *Ferð til Danmerkur*

Framkvæmdastjóri greindi frá því að sveitarfélögin hefðu almennt tekið jákvætt í hugmyndina um slíka ferð. Flest mæli þó með því að fresta ferðinni og skoða með beint flug frá Akureyri í huga.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

Fundi slitið kl. 15:15.